

Jón Eyþórsson veðurfræðingur

Grein í tímaritinu Ægi (21 – 6), 1928, s. 134 til 138

Veðurhæð.

Vindurinn er lopt á hreyfingu. — Því hraðara sem loptið streymir, því fastara gnýr það á alt, sem á vegi þess verður. Vér dæmum vindmagnið — veðurhæðina öðru nafni — eftir áhrifum á sjálfa oss og ýmsa hluti, er vér höfum fyrir augum. Ef fátt lauslegt bærst fyrir vindinum, nefnum vér hann logn, blæ eða andvara. Þegar báru myndast á vatni og vindþytur heyrst, nefnum vér golu og kalda. Þegar meir þyngir vindinn, svo að hann verður til óþæginda, teljum vér stinnings-kalda og strekking, en úr því að veðrið er orðið svo mikið, að til skemmda horfir, köllum vér hvassviðri, storm, rok, óstætt veður o. s. frv. Slík nöfn á veðurhæðinni eru til á öllum tungumálum. Í veðurskeytum og veðurspám er orðin föst venja að gefa veðurhæðina til kynna í 12 stigum, sem annaðhvort eru táknuð með tölunum 0 – 12 eða nefnd með nefni. T. d. er 0 látið merkja logn en 12 óstætt veður, er oftast veldur stórskaða á sjó og landi. — Auðkenni þessara vindstiga eru fyrst ákveðin af Beaufort flotaforingja og miðuðuð við hraða og seglburð á herskipum eins og þau gerðust á fyrri helmingi 19. aldar.

Vindhraðann má mæla með vindmælum, er sýna, hve marga metra loptstrauminn berst áfram á sekúndu. Með því að mæla vindinn samtímis í vindstigum á sama stað, má finna þann hraða, sem svarar til hvers vindstigs. — En þess ber að gæta, að mælirinn segir að eins til um vindhraðann á þeim stað, sem hann er settur; en maður, sem giskar á veðurhæðina, getur farið eftir sýnilegum áhrifum vindarins á alla hluti, sem hann sér. Hann getur t. d. horft út um glugga á sjávaröldurnar og giskað á veðurhæðina af því, hve miklar þær eru. Þarf mikla aðgæslu, þegar velja skal vindmæli stað, og er betra engan að hafa, heldur en lélegan eða vitlaust settan.

Fer hér á eftir lýsing á áhrifum vindarins við hvert stig, bæði á sjó og landi, eftir því sem ég tel sanni næst. Vona ég, að það geti orðið mönnum til leiðbeiningar, ef þeir þurfa á því að halda að segja ákveðið um veðurhæð á tilteknum stað og stundu (t. d. þegar skip strandar). Í veðurfregnum er vindmagnið oft tilgreint í tölum og því nauðsynlegt að vita, hvað þær þýða í raun og veru.

0 Logn (0—0.5 m). Spegilsléttur sjór. Reyk leggur beint upp. „Varla blaktir hár á höfði“.

1 Andvari (0.6—1.7 m). Að eins gráð á vatni. Reyk leggur með vindinum.

2 Kul (1.8—3.3 m). Smábáru myndast, en hvítna hvergi. Fyllir segl á smábátum. Þurkflæsa á hey.

3 Gola (3.5—5.2 m). Hvítar í stöku bárutoppi. Dágott leiði. Breiðir úr flöggum. Litlar trjágreinar nötra.

4 Kaldi (5.3—7.4 m). Hvítar víða í báru og heyrst dálítið gjálfur, þegar báran fellur. Gott leiði. Moldryk á þurrum vegum. Erfitt að raka þurru heyi á móti.

5 Stinnings gola (7.5—9.8 m). Hvítar í hverri báru og freyðir á toppum. Bátar fara að rifa. Heyrist á húsum. Fullhvasst til að fara með þurrt hey. Góður þurkur á vothey.

6 Stinnings kaldi (9.9—12.4 m). Allstórara öldur myndast með freyðandi földum. Þungur ölduniður. Smábátar geta ekki verið að veiðum. Slæmt fiskiveður fyrir togara. Þreytandi að ganga móti vindi. Erfitt að fara með þurt hey.

7 Snarpur vindur (12.5—15.2 m). Stórar öldur með breiðum sköflum. Brimhljóð heyrst langar leiðir. Varla „togandi“. Hættulegt opnum bátum. Erfitt að ganga móti vindi. Heysæti fjúka.

8 Hvass vindur (15.3—18.2 m) eða hvassviðri. Stórir brimskaflar á rúmsjó og löðurgárar undan vindi. Sogandi sjávarhljóð. Menn „baksa“ móti vindinum. Trjágreinar brotna. Togarar hætta veiðum. Hættulegt flestum bátum.

9 Stormur (18.3—21.5 m). Holskeflur fara að myndast. Hvítir rokgárar á sjónum. Rýfur oft torfbök á húsum. Erfitt að standa kyrr á bersvæði. Þakhellur fjúka oft.

10 Rok (21.6—25 m). Stórar holskeflur, sjór í hvíta roki. Drynjandi öldugnýr. Varla hægt að ráða sér á bersvæði. Rýfur oft gróin torfbök.

11 Ofsaveður. (25.2—29.0 m). Stórsjór. Sjór rýkur sem mjöll. Eimskip komast ekki móti veðri. Oft skemmdir á húsum og mannvirkjum.

12 Fárviðri (yfir 29 m, alt upp að 60 m á sek.). Á sjó sést lítið vegna særöks. Óstætt veður. Stórskaðar bæði á sjó og landi. Úr því vindhraðinn er orðinn 30 m, fer að verða mjög erfitt að gera sér grein fyrir veðurhæðinni, nema með vindmæli þess vegna eru stigin ekki höfð fleiri en 12. En í aftakaveðrum bæði hér á landi og annarstaðar, mælist vindhraðinn oft um 40 m og jafnvel 60 m í fellibyljum í hitabeltinu.

Það, sem sagt er um sjávaröldu, gildir einkum um rúmsjó. Nálægt landi verður að taka ýmsa staðhætti með í reikninginn. Þegar mikil er undiralda, þarf minni vind til að ýfa sjóinn, og eins ef vindur stendur móti straumi (sjávarföllum). Þegar landátt er, brimar og að vonum minna heldur en í hafátt.

Tölur þær, sem standa í svigum við hvert vindstig, eru hraðinn í metrum á sek. á vindmæli, sem er 6 m. hátt yfir bersvæði.

*Jón Eyþórsson.*

Töfluna má einnig sjá í reglum um veðurskeyti og veðurathuganir (Veðurstofa Íslands, 1929):  
<http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/greinargerdir/1995/Reglur1929.pdf>

Um samræmingu Beaufort-kvarðans og vindmælinga á ýmsum tímum má lesa í:  
[http://bibliotheek.knmi.nl/knmipubDIV/HISKLIM/HISKLIM\\_13.pdf](http://bibliotheek.knmi.nl/knmipubDIV/HISKLIM/HISKLIM_13.pdf)

Ýmsan smáfróðleik um „íslenska“ vindkvarða má lesa í pistli á vef Veðurstofunnar:  
<http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/1098>